

Lyfjagreiðslunefnd Ársskýrsla 2013



Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Formáli | 3 |
| 1. Nefndarmenn | 3 |
| 2. Fulltrúar hagsmunaaðila | 3 |
| 3. Starfsmenn nefndarinnar | 3 |
| 4. Fundir | 3 |
| 5. Niðurstöður af verkefnum og ákvörðunum nefndarinnar í milljónum króna á árinu 2013 | 4 |
| 6. Samantekt á árinu 2013 | 4 |
| 6.01 Breyting á smásöluálagningu | 4 |
| 6.02 Leyfisskyld lyf | 5 |
| 6.03 Heildarverðendurskoðun | 5 |
| 6.04 Lyfjaverðskrárkerfið | 6 |
| 6.05 Erlendur verðsamanburður | 7 |
| 6.06 Breytingar á notendagreiðslum fyrir lyf | 7 |
| 6.07 Erlent samstarf og fundir | 8 |
| 6.08 Skilyrt greiðsluþátttaka | 9 |
| 7. Greining verkefna og samantekt | 10 |
| 7.01 Fjöldi umsókna og afgreiðslutími 2013 | 10 |
| 7.02 Fjöldi breytinga sem birtist í lyfjaverðskrá 2013 | 11 |
| 8. Þróun á gengi helstu innflutningsgjaldmiðla lyfja 2013 | 12 |
| 9. Fjármál nefndarinnar | 13 |

Formáli

Ársskýrsla þessi er ætluð fyrir nefndarmenn, starfsmenn nefndarinnar, Velferðarráðuneytið og aðrar stjórnarsýslustofnanir sem nefndin vinnur með.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir starfsemi nefndarinnar á árinu 2013 ásamt helstu tölfræði upplýsingum.

1. Nefndarmenn

Björn Þór Hermannsson, tilnefndur af Fjármálaráðuneytinu

Katrín E. Hjörleifsdóttir, tilnefnd af Sjúkratryggingum Íslands

Matthías Halldórsson, tilnefndur af Embætti landlæknis

Rannveig Gunnarsdóttir, tilnefnd af Lyfjastofnun

Rúna Hauksdóttir, formaður nefndarinnar, skipuð af Velferðarráðuneytinu

2. Fulltrúar hagsmunaaðila

Gunnur Helgadóttir, fulltrúi heildsala

Þórdís Ólafsdóttir, fulltrúi heildsala

Andrés Magnússon, fulltrúi smásala

Ólafur Adolfsson, fulltrúi smásala

Guðbjörg Þorvarðardóttir, fulltrúi dýralækna

3. Starfsmenn nefndarinnar

Rúna Hauksdóttir, lyfjafræðingur og heilsuhagfræðingur

Jóna Kristín Rögnvaldsdóttir, lyfjatæknir

Sigríður Sigurðardóttir, lyfjatæknir

Sveinbjörn Högnason, viðskiptafræðingur

4. Fundir

Haldnir voru samtals 21 fundur á árinu 2013, nr. 182 til 202.

5. Niðurstöður af verkefnum og ákvörðunum nefndarinnar í milljónum króna á árinu 2013

| Kjarnastarfssemi | SÍ | Sjúkrahús | Almenningur | Samtals |
|--|---------------|---------------|---------------|----------------|
| verðhækkanir og greiðsluþátttöku samþykktir | 33,00 | 0,00 | 11,00 | 44,00 |
| Samtals | 33,00 | 0,00 | 11,00 | 44,00 |
| Sérverkefni | SÍ | Sjúkrahús | Almenningur | Samtals |
| Sparnaður vegna verðendurskoðunar - almenn lyf | -176 | | -112 | -288,0 |
| Sparnaður vegna verðendurskoðunar - S-merkt lyf | | -70,0 | | -70,0 |
| Sparnaður vegna verðendurskoðunar á R03A og B flokki | -22,0 | | -2 | -24,0 |
| Kostnaður vegna smásöluálagningar | 74,0 | | 60 | 134,0 |
| Samtals Sérverkefni | -124,0 | -70,0 | -54,0 | -248,0 |
| | SÍ | Sjúkrahús | Almenningur | Samtals |
| Samtals | -91,00 | -70,00 | -43,00 | -204,00 |

6. Samantekt á árinu 2013

6.01 Breyting á smásöluálagningu

Þann 1. júní 2013 breyttist smásöluálagning lyfseðilsskyldra lyfja á þann hátt að föst krónutölu álagning hækkaði um 7%. Krónutöluálagning fer við þetta úr 780 kr. í 835 kr. í lægra þrepi og úr 2.028 kr. í 2.170 kr. í hærra þrepi. Prósentuálagning er óbreytt.

Hérlendis eru tvö þrep í smásöluálagningu lyfseðilsskyldra mannalyfja.

Í lægra þrepinu eru lyf með heildsöluverð 1-11.999 krónur og í því hærra eru lyf yfir 12.000 krónum:

| Eftir 1.6.2013 | Prósentu álagning | Föst krónutala |
|----------------|-------------------|----------------|
| 1-11.999 kr. | 9% | 835 kr. |
| 12.000 kr. > | 0% | 2.170 kr. |

Við ákvörðun á hækkingu á smásöluálagningu lyfja voru hafðar að til hliðsjónar þær hækkanir sem orðið hafa á annarri heilbrigðisþjónustu.

Í framhaldi af þessari hækkingu á smásöluálagningu lyfseðilsskyldra lyfja voru gerðar samhliða samsvarandi breytingu á 7. gr. reglugerðar nr. 313/2013 er varðar skilyrta greiðsluþátttöku ákveðinna lyfja, og tóku þær breytingar gildi sama dag og hækkingin kom til framkvæmda. Þetta var gert til að tryggja að lyf misstu ekki greiðsluþátttöku af völdum hækkingar á álagningu og að sjúklingar hefði aðgang að sömu lyfjum og í fyrri verðskrá.

Í þeim viðræðum sem fóru fram við SVP og FA í aðdraganda þeirra smásöluverðshækkana sem tóku gildi 1. júní var ákveðið að framvegis yrði þessi vinna í fastari skorðum og stefnt að því að

breytingar á smásöluálagningu lyfja verið eingöngu framkvæmdar um áramót eins og aðrar breytingar á þjónustugjöldum í heilbrigðisþjónustu.

Vinna við að undurbúa næstu breytingu á smásöluálagningu hófst síðan á haustmánuðum og á 202. fundi lyfjagreiðslunefndar þann 17. desember var ákveðin sú hækkun sem koma á til framkvæmda þann 1. janúar 2014.

6.02 Leyfisskyld lyf

Í tilefni af breytingu og gildistöku á lögum, um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og lyfjalögum nr. 93/1994, með síðari breytingum, framkvæmdi lyfjagreiðslunefnd vinnu við að ákvarða hvaða lyf skyldu teljast leyfisskyld í samráði við sérfræðinga frá Landspítala og Sjúkratryggingum Íslands. Í 5. gr. laganna eru leyfisskyld lyf skilgreind sem lyf sem eingöngu eru notuð í samræmi við klínískar leiðbeiningar og eru að jafnaði kostnaðarsöm og vandmeðfarin.

Ákveðið var að við gildistöku laganna teldust þau lyf leyfisskyld sem LSH hafði skilgreint og gefið út á lista - "S-merkt lyf sem sækja þarf um heimild til að nota lyfið til deildar lyfjamála." frá febrúar 2012.“

Lyfjagreiðslunefnd útbjó og birti á heimsíðu sinni eyðublöð, bæði á íslensku og ensku, vegna umsókna um að leyfisskylda lyf.

6.03 Heildarverðendurskoðun

Í lyfjalögum er kveðið á um það markmið að lyfjakostnaði hér á landi skuli haldið í lágmarki. Á grundvelli þess er lyfjagreiðslunefnd falið að sjá til þess að lyfjaverð sé að jafnaði sambærilegt við verð í viðmiðunarlöndum á Evrópska efnahagssvæðinu, sem eru Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð, líkt og fram kemur í reglugerð um lyfjagreiðslunefnd nr. 353/2013.

Undirbúningur að heildarverðendurskoðun sem framkvæmd var á árinu 2013 hófst síðari hluta árs 2012. Í nóvember það ár var birt á heimasíðu nefndarinnar tillaga að því verklagi sem nefndin hygðist nota við framkvæmd endurskoðunarinnar. Endurskoðuninni var skipt í tvo hluta, annars vegar frumlyf, samhliða innflutt lyf og samheitalyf fyrrihluta ársins og hins vegar sjúkrahúslyf (S-merkt lyf) í ágúst/september. Heildarverðendurskoðuninni var síðan lokið fyrir útgáfu lyfjaverðskrár í nóvember 2013.

Verðsamanburðurinn tók til apótekslyfja og sjúkrahúslyfja. Verðsamanburður á apótekslyfjum byggist á meðalverði í viðmiðunarlöndunum fjórum en tekur mið af lægsta verði á sjúkrahúslyfjum í sömu löndum.

Lækkun á apótekslyfjum í kjölfar verðendurskoðunar Lyfjagreiðslunefndar sem tók gildi í maí 2013 er áætlað að spari sem nemi um 430 milljónum króna á ársgrundvelli. Þessi ávinningur skiptist á milli Sjúkratrygginga Íslands um 263 milljónir króna og um 167 milljónir króna hjá sjúklingum miðað við smásöluverð með virðisaukaskatti. Reynslan hefur sýnt að lækkun á hámarksheildsöluverði frumlyfja og samheitalyfja hefur í för með sér ruðningsáhrif með aukinni verðsamkeppni sem hafa áhrif á viðmiðunarverðskrá lyfjagreiðslunefndar og því er ekki ólíklegt að sparnaður vegna apótekslyfja geti orðið meiri.

Lækkun á sjúkrahúslyfjum tók gildi 1. nóvember og er áætlað að sparnaður sem þar af leiðir verði um 525 milljónir króna á ársgrundvelli miðað við heildsöluverð með virðisaukaskatti þegar tillit hefur verið tekið til gildandi útboða.

Umrædd endurskoðun lyfjagreiðslunefndar leiðir til ríflega 955 milljónir króna heildarsparnaðar á ársgrundvelli. Þetta er nærri 90% meiri sparnaður en náðist við sambærilega endurskoðun sem gerð var fyrir tveimur árum en þá sparaðist rúmlega hálfur milljarður króna. Viðbótarsparnaðurinn sem nú næst kemur einkum fram í sjúkrahúslyfjunum.

6.04 Lyfjaverðskrárkerfið

Mánaðarleg útgáfa lyfjaverðskrár er enn sem áður eitt af forgangsverkefnum nefndarinnar. Útgáfa mánaðarlegrar lyfjaverðskrár er umfangsmikið verkefni sem unnið er á stuttum tíma.

Í febrúar var endurvakið verkefnið „Rafrænt umsóknareyðublað fyrir heildsöluverð lyfja“ en hlé hafði verið á þeirri vinnu um skeið. Umboðsmönnum lyfja var boðið á kynningu á verkefninu og var þeim boðið að koma með tillögur og ábendingar í framhaldinu. Opnað var fyrir prufuaðgang fyrir notendur og komu margar gagnlegar tillögur inn um breytingar sem hægt var að bregðast við í framhaldinu.

Fyrsta rafræna umsóknin um hámarksheildsöluverð barst síðan nefndinni 16. ágúst 2013.

Á árinu 2012 urðu þónokkrar breytingar á dálkum í lyfjaverðskránni. Notkun á nokkrum dálkum var breytt, nýjar upplýsingar keyrðar inn og aðrir dálkar tæmdir. Ný skilgreining/merking í lyfjaverðskrá var tekin í notkun þann 4. maí 2013, samtímis því sem ný lög um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga í lyfjum tók gildi. Um er að ræða nýja merkingu á lyfjum sem flokkast vera leyfissskyld.

Upplýsingar í lyfjaverðskrá er grunnur að tveimur gagnagrunnum; Lyfjagagnagrunni Embættis Landlæknir og Tölfræðigagnagrunni Sjúkratrygginga Íslands. Enn fremur er verðskráin grunnur í lyfjaseðlakerfi Sögu sem læknar nota við útgáfu á lyfseðlum.

6.05 Erlendur verðsamanburður

Á árinu 2013 voru gerðir þrjú verðsamanburðir á lyfjaverði á Íslandi á móti lyfjaverði á Norðurlöndunum.

Samanburðurinn var gerður á 35 af 50 kostnaðarsömustu pakkningunum sem Sjúkratryggingar Íslands greiddu í árið 2012.

Verðsamanburðurinn var á bæði á heildsölu- og smásöluverði og byggði á verðskrám febrúar, september og desember mánaða 2013 á Íslandi og í samanburðarlöndunum, sem eru Noregur, Danmörk, Svíþjóð og Finnland.

Heildsöluverð

| | Febrúar | September | Desember |
|-------|---------|-----------|----------|
| Lægst | 0 | 0 | 0 |
| Hæst | 0 | 2 | 1 |

Smásöluverð

| | Febrúar | September | Desember |
|-------|---------|-----------|----------|
| Lægst | 0 | 0 | 0 |
| Hæst | 0 | 1 | 2 |

Hafa ber í huga að samanburðurinn endurspeglar lyfjanotkun á Íslandi en ekki hvaða lyf eru notuð mest í samanburðarlöndum Íslands.

6.06 Breytingar á notendagreiðslum fyrir lyf

Nýtt greiðsluþátttökukerfi lyfja var tekið í notkun þann 4. maí 2013 og er það í samræmi við breytingar á lögum sem Alþingi samþykkti þann 1. júní 2012. Meginmarkmiðið með lögnum er að auka jafnræði milli einstaklinga óháð sjúkdómum og draga úr lyfjakostnaði þeirra sem þurfa að nota mikið af lyfjum.

Greiðsluþátttökukerfið byggir á þrepaskiptri greiðsluþátttöku þar sem hver einstaklingur greiðir hlutfallslega minna eftir því sem lyfjakostnaður hans eykst innan tólf mánaða tímabils. Í fyrsta þrepi greiðir einstaklingurinn lyf að fullu, í öðru þrepi greiðir hann 15% af verði lyfja og í þriðja þrepi greiðir hann 7,5%. Þegar lyfjakostnaður hefur náð ákveðnu hámarki fær hann lyf að fullu greidd af sjúkratryggingum það sem eftir er af tímabilinu.

Öll lyf sem SÍ taka þátt í að greiða (þar með talin lyf sem einstaklingur hefur fengið samþykkt lyfjaskírteini fyrir) verða felld inn í greiðsluþrepin. Þau lyf sem SÍ taka ekki þátt í að greiða, falla utan greiðsluþrepanna.

6.07 Erlent samstarf og fundir

Í maí 2013 var komið að Íslandi að vera gestgjafar fyrir Norrænan fundi stjórnvalda sem haldin er annað hvert ár, til skiptis hjá Norðurlöndunum. Efni þessara funda er með áherslu á lyfjaverð og greiðsluþátttöku lyfja. Fundurinn sem haldinn var í húskynnum Velferðarráðuneytis þann 28. maí, var með sérstaka áherslu á ný og dýr lyf og það ferli sem viðhaft er við ákvarðanir um greiðsluþátttöku í þáttökulöndunum. Fundargestir voru 25 frá öllum Norðurlöndunum.

Á árinu 2013 var tekið þátt í eftirfarandi fundum og ráðstefnum erlendis:

London mars 2013 – Pharmaceutical Pricing and Reimbursement Information – PPRI Network Meeting

Dublin apríl 2013 – European Commission meeting and meeting of the Network of Competent Authorities for Pricing and Reimbursement (NCAPR)

Budapest október 2013 – Pharmaceutical Pricing and Reimbursement Information -PPRI Network Meeting

Vilinius október 2013 – European Commission meeting and meeting of the Network of Competent Authorities for Pricing and Reimbursement (NCAPR)

Fyrirspurnum sem svarað var á árinu frá PPRI – „Pharmaceutical Pricing and Reimbursement Information“:

PPRI – Network query: Greek reference

PPRI – Reimbursement Query: Priorix Tetra Vaccine measles mumps rubella varicella

PPRI – Query: Anticoagulants: Dalteparinum natricum, Enoxaparinum natricum, Dalteparinum natricum

PPRI – Query: Hospital drug pricing and reimbursement

PPRI – Query: Sales of ipilimumab - Yervoy

PPRI – Query: Glucose Blood test strips

PPRI – Query: Linagliptin - Trajenta

PPRI – Query - reimbursement of Jevtana and Zytiga

PPRI – Network query on available literature on reimbursement policies

PPRI – Quick YES/NO reimbursement question about Myozyme,
PPRI – Query - Medicinal product package size reimbursement requirements
PPRI – Query - Reimbursement rates and patient co-payments in outpatient sector
PPRI – Query - Pharmaceutical expenditure in the outpatient sector
PPRI – Query - Antipsychotics: AMISULPRIDUM, ARIPIPRAZOLUM, OLANZAPINUM,
QUETIAPINUM, RISPERIDONUM, SERTINDOLUM, ZIPRASIDONUM
PPRI – Query: Aspects of reimbursement of the implementation of the cross-boarder
healthcare directive
PPRI – Query: Phenytoin Capusles
PPRI – Query: Acidum ursodeoxycholicum
PPRI – Query: Reference prices
PPRI – Query: HPV update 2013
PPRI – Query: Abiraterone
PPRI – Query: Pharmaceutical Care
PPRI – Queries - generic imatinib
PPRI – Query on HTA of biosimilars
PPRI – Network query: hemophilia A and B
PPRI – Query reminder - reimbursement and prior approval
PPRI – Query- reimbursement of antiParkinsonian (update)
PPRI – Network query: health insurance status of medical treatment in bathes
PPRI – Network query: pricing and reimbursement of radiopharmaceuticals

6.08 Skilyrt greiðslupáttaka

Við innleiðingu á nýju greiðslupáttökukerfi sem tók gildi þann 4. maí 2013 var ákveðið að fella ATC flokkana R03A og R03B úr skilyrtri greiðslupáttöku. Talið er að þau markmið sem stefnt var að varðandi astma lyfin hafi náðst og að nýja þrepaskipta greiðslupáttökukerfi gefi réttan hvata til að koma í veg fyrir að skrifað séu út á lyfseðla meira magn er nauðsynlegt er.

Í tilefni af þessu voru flokkarnir teknir til verð- og greiðslupáttöku endurskoðunar og í kjölfarið fengu öll lyf sem falla undir þessa flokka almenna greiðslupáttöku.

Aðrar breytingar varðandi skilyrta greiðslupáttöku sem framkvæmdar voru á árinu er að hækka þurfti krónutölu þak þeirra flokka sem falla þar hér undir, þegar hækkun á smásöluálagningu kom til framkvæmda. Tilgangurinn með því var að koma í veg fyrir að lyf féllu úr greiðslupáttöku af þeim sökum.

Flokkar þeirra lyfja sem falla undir skilyrta greiðsluþátttöku og einingaverð þeirra:

| Heiti | Viðmið kr. | Viðmið |
|---------------------------|------------|------------|
| Magasýrulyf | 54 kr. | Magn - þak |
| Blóðfitulækkandi lyf | 38 kr. | Magn - þak |
| Blóðþrýstingslækkandi lyf | 39 kr. | Magn - þak |
| Beinþéttilyf | 47 kr. | DDD - Þak |
| Þunglyndislyf | 74 kr. | Magn - þak |
| Geðrofslyf | 604 kr. | DDD - Þak |

7. Greining verkefna og samantekt

7.01 Fjöldi umsókna og afgreiðslutími 2013

| Tegund | Fjöldi vörunúmera | Meðaltal fjöldi daga í afgreiðslu | Min fjöldi daga í afgreiðslu | Max fjöldi daga í afgreiðslu |
|--------------------------------|-------------------|-----------------------------------|------------------------------|------------------------------|
| Almenn greiðsluþátttaka | 166 | 99 | 17 | 167 |
| Leyfisskylt lyf | 6 | 126 | 90 | 151 |
| Nýtt dýralyf | 10 | 38 | 14 | 63 |
| Nýtt lyf / styrkur/ pakkningar | 67 | 17 | 1 | 96 |
| Nýtt samheitalyf | 133 | 16 | 0 | 60 |
| Undanþágulyf | 176 | 2 | 0 | 33 |
| Verðbreyting | 159 | 35 | 1 | 156 |
| Samtals: | 717 | | | |

Fyrri part árs 2013 barst nefndinni fjöldi umsókna um almenna greiðsluþátttöku vegna fyrirhugaðs afnáms S-merkinga tiltekinna lyfja. Fjalla þurfti um umsóknir um almenna greiðsluþátttöku og verðumsókna sömu lyfja á sama tíma. Tímamörk á þeim umsóknum er 180 dagar í stað 90.

7.02 Fjöldi breytinga sem birtist í lyfjaverðskrá 2013

Tölur yfir breytingar í lyfjaverðskrá árið 2013.

| Skýring 2013 | Samtals |
|--|-------------|
| Af undanþágulista | 3 |
| Af viðmiðunarverðskrá | 184 |
| Afgreiðslumáti | 7 |
| Afskráð mrl/afskr. norrænt vörunúmer/afskráð birgðask. | 342 |
| Á undanþágulista | 2 |
| Birgðaskorti lokið | 52 |
| Breytt DDD | 8 |
| Breytt form | 28 |
| Breytt heiti | 1 |
| Breytt innkaupsverð | 718 |
| Breytt markaðs-/Umboðsmanna heildsöluverð | 1524 |
| Breyttur ATC flokkur | 31 |
| Breyttur greiðsluhlutur S.Í. | 1434 |
| Breyttur markaðsleyfishafi | 137 |
| Breyttur umboðsaðili | 95 |
| Breyttur viðmiðunargjaldmiðill | 60 |
| Hættur viðmiðunarverðflokkur | 132 |
| Leyfisskyld lyf | 156 |
| Nýr viðmiðunarverðflokkur | 213 |
| Nýskráð lyf | 462 |
| Nýskráð norrænt vörunúmer | 364 |
| Nýtt í viðmiðunarverðskrá | 313 |
| Sérfræðingur ávísar | 17 |
| Staða lyfs | 3 |
| Vélskömmunarmöguleikar | 129 |
| Samtals: | 6415 |

Helstu skýringar:

Í maí 2013 var greiðsluþátttökumerkingum lyfja breytt úr B, C og E í G með massauppfærslu og kemur það fram í reitnum „Breyttur greiðsluhlutur S.Í.“ sem er með 1.434 færslur 2013 en var einungis með 97 færslur 2012.


Dálkarnir „Geymsluþol, Leiðbeiningar og Breytt geymsluskilyrði“ voru felldir út árið 2012 og í þeirra stað komu dálkarnir „Öryggiskröfur, Leyfisskyld lyf og Staða lyfs“.

8. Þróun á gengi helstu innflutningsgjaldmiðla lyfja 2013

Gengissveiflur voru umtalsverðar á árinu. Í janúar var gengi Evrunnar 164,4 fór í 172,7 í mars, niður í 154,8 í júní og hækkaði svo út árið upp í 165,1.

| | 1.jan.13 | 1.des.13 | Breyting |
|------------|----------|----------|----------|
| USD | 126,395 | 121,5495 | -3,83% |
| GBP | 203,0995 | 195,375 | -3,80% |
| DKK | 22,0431 | 22,1401 | 0,44% |
| NOK | 22,3674 | 20,251 | -9,46% |
| SEK | 19,0072 | 18,7169 | -1,53% |
| CHF | 136,1441 | 133,9327 | -1,62% |
| EUR | 164,4068 | 165,1186 | 0,43% |

Erfitt er að leggja mat á hvernig þessar sveiflur endurspeglast í lyfjakostnaði þar sem ámóta sveiflur urðu á árinu í lyfjakaupum sjúklinga. Greiðslupátttökukerfi Sjúkratrygginga breyttist þann 4. maí 2013 og mikið var hamstrað af lyfjum fram að þeim tíma.



Töluverðar breytingar verða á því hvernig lyfjakostnaður tengist viðmiðunargjaldmiðlum. Aukning er í kostnaði á lyfjum sem eru skráð í evru og danskri krónu. Hlutur Evrunnar og Dönsku krónunnar, sem er tengd Evrunni, eykst úr 46,2% í 53,9% af heildarkostnaði.

| Gjaldmiðill | Hlutfall lyfjakostnaðar 2011 | Hlutfall lyfjakostnaðar 2013 |
|-------------|------------------------------|------------------------------|
| CHF | 0,0% | 0,2% |
| DKK | 30,2% | 34,4% |
| EUR | 16,0% | 19,5% |
| GBP | 8,8% | 8,6% |
| IKR | 14,9% | 11,8% |
| NOK | 6,2% | 6,2% |
| SEK | 23,4% | 18,8% |
| USD | 0,4% | 0,5% |

9. Fjármál nefndarinnar

| | Árið 2012 | Árið 2013 | Mism. milli ára | Mism. milli ára |
|--------------------------|----------------|------------------|-----------------|-----------------|
| Laun og launatengd gjöld | 30.312.423 | 31.295.048 | 982.625 | 3,2% |
| Aðkeypt þjónusta | 3.723.437 | 1.453.475 | -2.269.962 | -61,0% |
| Fundir, ferðir | 985.910 | 865.678 | -120.232 | -12,2% |
| Rekstur skrifstofu | 5.316.071 | 5.189.923 | -126.148 | -2,4% |
| Samtals | 40.337.841 | 38.804.124 | -1.533.717 | -3,8% |
| Fjárlög | 37.600.000 | 37.600.000 | 0 | 0,0% |
| Flutt á milli ára | 3.376.934 | 2.617.058 | -759.876 | -22,5% |
| Samtals fjárveiting | 40.976.934 | 40.217.058 | -759.876 | -1,9% |
| Mismunur | 639.093 | 1.412.934 | 773.841 | 121,1% |

Hækkun á launum og launatengdum gjöldum skýrist af samningsbundnum launahækkunum. Aðkeypt þjónusta lækkaði verulega, ekki var farið í allar áætlaðar breytingar og viðbætur við útgáfukerfi lyfjaverðskrárinnar. Þrátt fyrir hækkunir á leigu, ræstingu og öðrum kostnaðarliðum hefur tekist að lækka rekstarkostnað skrifstofu.